



# Reglugerð HSÍ um jöfnunarsjóð ferðakostnaðar

## 1. gr. Almenn

Hvert félag sem skráir lið til leiks í Íslandsmóti meistaraflokks karla og kvenna er ábyrgt fyrir og greiðir eigin ferðakostnað.

HSÍ er aldrei ábyrgt fyrir greiðslu ferðakostnaðar sem fylgir þátttöku félags í móti á vegum HSÍ.

## 2. gr. Innheimta

Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða kr. 50.000,- til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í.

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. Gjaldalagi fyrir keppnistímabilið er: þann 5. október ár hvert.

## 3. gr. Ferðakostnaður

Ferðakostnaður hvers liðs vegna hvers leiks í deildarkeppni Íslandsmóts skal metin skv. eftirfarandi:

- Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Akureyrar kr. 65.000.-.
- Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Vestmannaeyja kr. 45.000.-.
- Ferðakostnaður milli Reykjavíkur-Egilstaða kr. 76.224.-.
- Ferðakostnaður milli Akureyrar-Vestmannaeyja kr. 90.000.-.
- Ferðakostnaður milli Akureyrar-Ísafjarðar kr. 93.479.-.
- Ferðakostnaður milli Vestmannaeyja-Selfoss kr. 35.000.-.
- Ferðakostnaður milli Vestmannaeyja-Ísafjarðar kr. 101.224.-.

Þessi kostnaður leggst á hvern leik sem leikinn er. Ferðakostnaður þessi er aðeins fram að leikjum í úrslitakeppni en jöfnunarsjóðurinn gildir ekki um leiki í úrslitum Íslandsmót, deildarbikar eða bikarkeppni.

## 4. gr. Útborgun

Við útborgun skal reiknaður út meðaltalsferðakostnaður, þ.e. heildarferðakostnaður deilt með fjölda liða. Þau lið þar sem ferðakostnaður er yfir meðaltalsferðakostnaði fá greitt úr jöfnunarsjóði í réttu hlutfalli við fjárhæð ferðakostnaðar.

Greiðslur úr jöfnunarsjóði skulu greiddar til liða fyrir 1. júní ár hvert. HSÍ er heimilt að skuldajafna inneign í jöfnunarsjóði við aðra skuld félagsins við HSÍ.



## **5. gr. Endurgreiðsla**

Lið skal aldrei fá endurgreitt hærri fjárhæð úr jöfnunarsjóði en þannig að það greiði meðaltalsferðakostnað. Ef inneign er í jöfnunarsjóði eftir útreikning og útgreiðslu þá skulu eftirstöðvar nýtast í jöfnunarsjóði á næsta keppnistímabili. HSÍ sér um skiptingu þess fjár.

## **6. gr. Gildistaka**

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi auglýsingar á búningum

*Samþykkt af stjórn HSÍ 10. júní 2020.*